

**30. fundur Skólanefndar Tálknafjarðarhrepps  
haldinn Miðtúni 1, Tálknafirði,  
miðvikudaginn 23. júlí 2008 og hófst hann kl. 17:00**

**Fundinn sátu:**

Guðlaug Björgvinsdóttir (GB), Birna Benediktsdóttir (BB), Guðlaug Sigurrós Björnsdóttir (GSB), Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir (EIS), Sigurlaug Guðmundsdóttir (SG), Elísabet Kjartansdóttir (EK) og Ingólfur Kjartansson.

**Fundargerð ritaði:** Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, oddviti.

**Dagskrá:**

**1. 0807081 - Bréf frá Bettý**

Erindi frá Elísabetu Kjartansdóttur, leikskólastjóra Vindheima, um að skólanefnd meti þá stöðu hvort framkvæmanlegt sé að bæta við starfsmanni í 100% starf tímabundið í eitt ár til að leysa biðlista.

Skólanefnd mælir með því að bætt verði við 100% stöðugildi á leikskólanum og ráðið til eins árs. Nefndin mælir einnig með því að börn verða að hafa náð tveggja ára aldri (24 mánaða) til þess að fá inngöngu á leikskólann. Nefndin vill áréttta að aldur barna við inngöngu var lækkaður í 12 mánuði á þeim tíma er nóg var um laus pláss, það er ekki reyndin nú. Með þessum aðgerðum verður biðlista eftir leikskólaplássi eytt. Þá þarf að bæta við hólum undir fatnað, borðum og stólum inn í aðalsal.

Tvær umsóknir um starf á leikskólanum liggja fyrir. Elísabetu falið að kanna meðmæli og ræða við umsækjendur.

Samþykkt samhljóða. Elísabet vék af fundi eftir þennan lið.

**2. 0807083 - Mismunandi samsetning á bekkjardeildum (3 eða 4 hópar)**

Ingólfur Kjartansson, skólastjóri Grunnskólans mætti á fundinn undir þessum lið og lagði fram drög að mismunandi samsetningu bekkjardeilda, annars vegar ef bekkjardeildir yrðu þrjár og hinsvegar ef þær yrðu fjórar. Farið yfir fjölda kennslustunda og fjölda stöðugilda m.v. mismunandi samsetningu bekkjardeilda. Skólanefnd vill kynna sér málið betur og ræða á næsta fundi. Samþykkt samhljóða.

**3. 0807084 - Umsóknir kennara og leiðbeinanda GT**

Ingólfur Kjartansson, skólastjóri Grunnskólans lagði fram þrjár umsóknir, frá Helgu S. Valdemarsdóttur, Birgi Jónssyni og Þóri G. Sigurðssyni. Skólanefnd mælir með öllum þrem umsóknunum og skólastjóra falið að ganga frá ráðningu þessa þriggja umsækjenda. Samþykkt samhljóða.

G.A.B.  
1 9/8/08

**4. 0807085 - Skóladagatal**

Ingólfur Kjartansson, skólastjóri Grunnskólans lagði fram drög að skóladagatali fyrir skólaárið 2008-2009. Skólanefnd kallar eftir skólanámsskrá Grunnskóla Tálknafjarðar frá skólastjóra. Skólanefnd frestar afgreiðslu skóladagatals til næsta fundar.

**5. 0807086 - Tillaga frá Birnu Ben**

Tillaga þessi var lögð fram á fundi 21.6.2008 og var afgreiðslu hennar frestað til þessa fundar skólanefndar.

Tillaga Birnu Benediktsdóttur borin upp og samþykkt samhljóða.

**6. 0807087 - Önnur mál**

Trúnaðarmál. Formanni skólanefndar og oddvita falið að svara erindi sem rætt var undir þessum lið, svarið verði sýnt skólanefnd áður en það verður sent.

Samþykkt samhljóða.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:45**

Birna Ben

Ingólfur Kjartansson

Guðlaug Björnsdóttir

Lýrún Ingrid Sigbjörnsdóttir

Guðlaug Björnsdóttir

\_\_\_\_\_

Guðlaug S. Björnsdóttir

\_\_\_\_\_